

Nd.

386. Tillaga til þingsályktunar

um rannsóknarnefnd vegna eyðileggingar á kjöti og öðrum neytluvörum.

Flm.: Áki Jakobsson, Sigfús Sigurhjartarson.

Út af kjöti því, sem fundizt hefur urðað i hrauninu fyrir sunnan Hafnarfjörð, í Garðahrauni og úti á Seltjarnarnesi, ályktar neðri deild Alþingis að skipa 5 manna rannsóknarnefnd, er hafi eftirfarandi verkefni:

1. Rannsaki, hvaða stofnanir eða einstaklingar hafi kastað kjöti þessu og af hvaða ástæðum, hve mikið kjöt hafi verið eyðilagt og hvers konar.

2. Hafi hið eyðilagða kjöt verið skemmt, skal rannsakað, hvernig standi á þeim skemmdum, hverjir hafi haft vörzlu kjötsins eða eigi sök á skemmdunum.
3. Fá upplýst, hverjir séu eigendur kjötsins og hvort greiddar hafi verið uppbætur á það úr ríkissjóði og þá hve miklar.
4. Að rannsaka öll önnur atriði í sambandi við framkvæmd kjötsölumálanna, er hún telur ástæðu til.
5. Á sama hátt skal nefndin rannsaka þá eyðileggingu, sem fram kann að hafa farið á öðrum neyzluvörum, að svo miklu leyti sem henni þykir ástæða til.

Þegar rannsóknarnefndin hefur lokið störfum sínum, skal hún gefa deildinni skýrslu um árangur rannsókna.

Rannsóknarnefnd þessi skal hafa vald samkv. 34. gr. stjórnarskrárinnar til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Hún skal og hafa rétt til að ráða sérfræðinga sér til aðstoðar.

Greinargerð.

Bændur landsins vinna hörðum höndum langan vinnudag allan ársins hring að því að gera bústofn sinn sem arðgæfastan og efla framleiðslu matvæla í landinu. Hinir smærri sauðbændur landsins lifa við þröngan kost, mega aldrei um frjálst höfuð strjúka vegna anna við bú sin og bera þó í mörgu falli ekki úr bótum það, sem aðrar atvinnustéttir mundu kalla sjálfsögðustu og óhjákvæmilegustu lífspægindi. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að löngum hefur mikill hluti hinna smærri kjötframleiðenda haft svo þröngt um hendur, að þeir og skyldulið þeirra gat ekki sjálft leyft sér að neyta kjöts þess, er þeir framleiddu á búum sínum, nema að óverulegu leyti og urðu ýmist að draga í bú frá sjávarsíðunni lélegt fiskæti og aðrar rýrar fæðutegundir, svo sem makarín í stað smjör, og því líkt, en ef kjöts var neytt, var það oftast úrgangskjöt eða ósöluhæf vara. Oft hefur því verið haldið fram, enda svo virzt, að það gæti naumast verið af ágóðavon einni, sem mikill hluti sauðbænda á Íslandi stundaði búskap sinn, heldur af tryggð við sveitina, fornar menningarvenjur og þjóðarhætti, og væri þessum mönnum nokkur umbun í því að vita, að aðrar stéttir virtu störf þeirra, en köstuðu ekki frá sér þeim gjöfum, sem þeir hefðu að miðla landsbúi og þjóðarheild, þótt andvirði það, sem þeim kæmi fyrir í peningum, væri stundum í minna lagi. Því hlýtur það að dynja eins og reiðarslag yfir íslenska bændastétt og reyndar alla alþýðu landsins að heyra, að til skuli vera stofnanir, sem taka sér fyrir hendur að eyðileggja nú unnvörpum vöru þá, kjötið, sem bændur leggja svo hart að sér að framleiða handa samlöndum sínum og hafa sjálfir ekki nema að litlu leyti efni á að neyta. Þó hlýtur það að vekja mesta furðu, að við þessa stórkostlegu eyðileggingu á framleiðsluvöru bænda eru stofnanir bendlaðar, sem hafa með höndum sölu og dreifingu á afurðum landbúnaðarins. Íslensk alþýða hefur fram til þessa lifað við þau kjör, að hún hefur ekki haft nema til hnifs og skeiðar, þegar bezt lét, og frá öndverðu hefur það verið álitin ódyggð og hneisa að fleygja mat hér á landi, — löngum verið vitnað til þess sem táknræns dæmis, hvern óþokka landsmenn lögðu á Kolbein unga fyrir að láta brenna hval, er óvinir hans áttu. Það er því ekki nema náttúrlegt, að alþýða manna og þá fyrst og fremst íslenskir bændur, framleiðendur kjöts, krefjist að fá útskýrt, hver rök liggja til slíkrar eyðileggingar á vöru þeirra, án fordæmis í sögu íslensks landbúnaðar, sem um getur í þingsályktunartillögunni. Bændur hljóta að krefjast þess að fá það rannsakað og útskýrt, hvort kjötbirgðir þær, sem í skjóli náttmyrkurs hafa verið dysjaðar í hraunum eða kastað í sjó í nágrenni Reykjavíkur 1) hafi að einhverju leyti verið skemmd vara, 2) hvers vegna kjötið hafi skemmt eða hvort það hafi verið skemmt af mannavöldum af ásettu ráði, og 3) hver beri ábyrgðina á því, að kjötið var skemmt eða látið skemmast og kastað. Ber nauðsyn til að fá úr því skorið, hvort það er fyrirséttur einn, að kjötið hafi verið skemmt, og að hve miklu leyti þeir menn hafa rétt fyrir sér, sem tóku af því sýnishorn úr dysjunum og þóttust sannprófa, að það væri hæft til manneldis.

Það hlýtur að vekja óþægilegar grunsemdir í þessu sambandi, að menn þeir, sem stóðu fyrir dysjun kjötsins og sjóburði, hafa tilkvatt dýralækni að gefa vottorð um óneyzluhæfi vörunnar í stað þess að kveðja til matvælaeftirlit ríkisins, sem hér er réttur aðili, og krefjast þaðan skyldugs úrskurðar. Skattgreiðendur í landinu hljóta að krefjast rannsóknar á því, hvort greiddar hafi verið verðbætur á kjörbirgðir þær, sem kastað hefur verið í sjó eða dysjaðar á víðavangi. Sömuleiðis er skylt að láta fram fara rannsókn á því, að gefnu tilefni, hvort öðrum tegundum af afurðum bænda hafi verið kastað í sjó eða dysjaðar á víðavangi, svo sem t. d. smjör og ostar. Svör við þessum knýjandi spurningum, byggð á grandgæfilegri rannsókn, hljóta síðan að skera úr um það, hvort menn þeir, sem nú hafa forustu í dreifingu landbúnaðarafurða fyrir bændur, eru hæfir til þess starfs eða ekki. Eyðilegging íslenzkra matvæla í svo stórum stíl sem hér hefur verið framín er þeim mun alvarlegra mál sem heimurinn umhverfis okkur er nú á barmi hungursneyðar, en kjötskortur ríkjandi í öllum nálægum löndum, svo að skammtur fólks af þessari fæðutegund hefur hvarvetna utan Íslands verið knepraður til hins ýtrasta. Eyðilegging kjöts er á þessum tímum hneyksli í augum alls heimsins, og mun útlendum mönnum ekki síður en innlendum þykja það undur, ef aðilar, sem uppvisir verða að slíkum óhæfuverkum á neyðartímum, verða ekki látnir hljóta makleg málagjöld fyrir eða a. m. k. skipaður annarsess, er henti þeim betur en forusta í dreifingu matvæla.

Að endingu er rétt að benda á, að sú rannsókn, sem stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga hefur óskað eftir við dómsmálaráðuneytið, að fram skuli fara í þessu máli, er í senn skopleg og ófyrirleitin, þar sem hún virðist nærri eingöngu eiga að beinast gegn þeim, sem komið hafa upp um þann ósóma, að matvælum hefur verið fleygt.